

Foreldrahandbók

skólaárið 2015-2016



Velkomin í Lundarsel



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028




Lundi 595-8029

Leikskólinn Lundarsel

Hlíðarlundi 4, 600 Akureyri



462-5883



lundarsel@akureyri.is

Leikskólastjóri:

Björg Sigurvinsdóttir

<http://www.lundarsel.akureyri.is>

Stefna okkar er að allt starfið sé á heimspekilegum nótum:

Einkunnaorð leikskólans eru:

**ÞAR SEM GLAÐIR SPEKINGAR
LEIKA OG LÆRA SAMAN**

Starfsemi Lundarsels hófst í júlí 1979. Í fyrstu var leikskólinn tvær deildir en í júní 1996 var hafist handa við gerð þriðju deildarinnar. Árið 2000-2001 urðu miklar breytingar á húsnæði leikskólans, kjallarinn var að hluta tekinn fyrir starfsmannaaðstöðu, salurinn var stækkaður um helming auk þess sem fleiri breytingar voru gerðar til að húsnæðið yrði sem hentugast fyrir leikskólann. Árið 2011 var hús á lóð Lundarskóla tekið í notkun, þar dveljast hluta af degi að meðaltali 14 börn. Haustið 2012 verða tvö hús færð á lóð Lundarsels og byggð viðbygging á milli þeirra, þá bætist við fjórða deildin sem verður fyrir 5 ára börn, sem nefnist Lundinn.

Fjöldi barna er um 90 börn. Biðlistinn inn í leikskólann stjórnar á hvern hátt deildirnar eru aldursskiptar. Á þessu skólaári er Kríudeild er fyrir 2-3 ára börn, Bangsadeild er fyrir 3-4 ára börn, Kisudeild er fyrir 4-5 ára börn og Lundinn fyrir 5 ára börn. Á næsta skólaári er ljóst að Lundinn verður fyrir 4-5 ára börn.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Efnisyfirlit

Yfirmenn leikskólans og starfsmenn deilda	3
Lundarsel	4
Að byrja í leikskóla	4
Aðlögun	4
Aðlögun milli deilda	6
Aðalnámskrá leikskóla	6
Skólastefna Akureyrar	6
Stefna Lundarsels	6
Foreldrasamstarf	12
Foreldrafélag	12
Foreldraráð	12
Úr lögum um leikskóla:	12
Foreldrakaffi	13
Foreldrasamtöl	13
Nokkur atriði varðandi komur og brottfarir leikskólabarna	13
Heimasíða Lundarsels	13
Fréttabréf og dagatöl	14
Jólafondur og „litlu jól“	14
Skólastarf Lundarsels	15
Leikurinn	15
Hópastarf	16
Þema	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Stig af stigi	16
Tölvur	17
Elstu barna starf	17
Stafaþema	17
Hljóm 2	17
Hreyfing/Íþróttir	18
Dagskipulag	18
Stefna Lundarsels í matarmálum	18
Samverustundir	20
Hvöld-samvera	20
Útivera	20
Afmælis dagar og kveðjuveislur	20
Uppákomur	21
Lokunardagar	21
Veikind i	21
Fæðisafsláttur	22
Leikskólagjöld	22
Uppsagnarfrestur-breytingar	22
Klæðnaður	22
Reimar í fatnaði	22
Óhöpp og slys / tryggingar	23
Barnaverndarlög frá 2002 IV. Kafli.	23
Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld	23
Yfirstjórn og ráðgjöf	25
Lög um leikskóla frá 2008	26
Markmið í lögum um leikskóla 2. grein	27
Starfsfólk leikskóla	27
Atferlisathuganir og skráningar	29
Samstarf við heilsugæsluna	30
Lög foreldrafélags Lundarsels	31
Lokaorð	31
Heimildaskrá	32



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Yfirmenn leikskólans og starfsmenn deilda

Ágætu foreldrar.

Um leið og við viljum bjóða barnið og ykkur velkomin í leikskólann, viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

Leikskólinn **Lundarsel**, Hlíðarlundi 4, Akureyri

Opnunartími: 07:45 - 16:15

Sími: **462 5883**



Kríudeild 595-58026



Kisudeild 595-8027



Bangsadeild 595-8028



Lundi 595-8029

Netfang: lundarsel@akureyri.is

Vefslóð: <http://www.lundarsel.akureyri.is>

Leikskólastjóri: Björg Sigurvinsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Anna Þórunn Hjálmarsdóttir

Starfsmenn deilda í dag eru:

Bangsadeild	Kisudeild	Kríudeild	Lundadeild
Guðbjörg Úlfarsdóttir Deildarstjóri	Helga María Þórarinsdóttir Deildarstjóri	Svala Ýrr Björnsdóttir Deildarstjóri	Margrét Kristinsdóttir Leikskólakennari
Þórlaug Baldvinsdóttir Leikskólakennari	Birgitta Sveinbjörnsdóttir Leikskólakennari	Snjólaug S. Þorsteinsdóttir Leikskólakennari	Þorvaldur Þorvaldsson Leikskólakennari
Rósa Óskarsdóttir Leikskólakennari	Arnfríður Ólafsdóttir Leiðbeinandi	Helga Stefanía Þórsdóttir Leikskólakennari	Kristjana Ösp Birgisd. Leikskólakennari
Gunnhildur Baldvinsdóttir Leiðbeinandi	Sonja Ósk Magnúsdóttir Leiðbeinandi	Þórunn Sif Héðinsdóttir lðjupjálfi	Gitta Unn Ármannsdóttir Leikskólakennari

Sérkennslustjóri: Indíana Hrönn Arnardóttir

Matráður: Ágústína Haraldsdóttir

Aðstoð í eldhúsi Þórunna Björg Óskarsdóttir

Afleysingar Sindri Már Stefánsson Elín Helga Hannesdóttir, Erla Hrunð Friðfinnsdóttir og Sunna Líf Óskarsdóttir



Lundarsel

Lundarsel er fjögurra deilda leikskóli með sveigjanlegan vistunartíma, þ.e. hægt er að kaupa frá 4, upp í 8 klst. á dag á öllum deildum auk þess sem hægt er að kaupa 15 mín fyrir og/eða 15 mín yfir klst. Fjöldi barna er um 90 börn. Biðlistinn inn í leikskólann stjórnar á hvern hátt deildirnar eru aldursskiptar. Á þessu skólaári er Kríudeild er fyrir 2-3 ára börn, Bangsadeild er fyrir 3-4 ára börn, Kisudeild er fyrir 4-5 ára börn og Lundinn fyrir 5 ára börn. Á næsta skólaári er ljóst að Lundinn verður fyrir 4-5 ára börn.

Opnunartími leikskólans er: 7:45-16:15 og eru foreldrar vinsamlega beðnir að virða þann tíma sem þeir kjósa að kaupa og þar með vinnutíma starfsmanna leikskólans en þeir eru ráðnir með tilliti til fjölda barna á klst.

Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Áríðandi er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barns og starfsfólks þar sem gagnkvæmur trúnaður og samvinna þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögunin, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Góð aðlögun styrkir öryggistilfinningu barnsins og leggur grunninn að vellíðan þess í leikskólanum.

Aðlögun

Það er stór stund í lífi barna og foreldra þegar barn byrjar í leikskóla. Til að auðvelda börnum og foreldrum og starfsfólki umskiptin, hefur í gegnum tíðina tíðkast að setja upp sérstakt skipulag í leikskólum, sem gengur undir nafninu aðlögun.

Lundarsel byrjaði að hafa Þátttökuaðlögun í leikskólanum árið 2011 og var ánægja með þessa aðferð, bæði hjá börnum, foreldrum og starfsmönnum. Í því ljósi er sérstaklega horft á þátt foreldra, þeir kynnast starfssemi og starfsmönnum mun betur en áður. Foreldrar kynnast betur hvernig dagurinn gengur fyrir sig og eru mun öruggari að skilja börnin sín eftir. Þátttökuaðlögun byggist á því að ekki er verið að venja barnið á að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Þátttökuaðlögun byggist meðal annars á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýjum aðstæðum á börnin sín.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Aðlögun tekur að öllu jöfnu tvo og hálfan dag og foreldrar eru allan tímann með barni sínu. Þannig gefst foreldrum gott tækifæri til að kynnast starfsfólki, börnunum og hvernig dagurinn gengur fyrir sig á deild barnsins. Með góðri aðlögun er lagður hornsteinn að öryggi og vellíðan barnsins og farsælu samstarfi heimilis og skóla. Með þessari aðferð getum við einnig klárað alla innritun barna mun fyrr en áður.

Það er eingöngu gert ráð fyrir að annað foreldrið sé með í aðlöguninni.

Hlutverk foreldris þessa daga meðan á aðlögun stendur er að vera með barninu í daglegu starfi í leikskólanum, inni sem úti. Foreldri aðstoðar barnið sitt í morgunmat/hádegismat/nónhressingu, klæðir barnið út/inn, leikur við barnið bæði úti og inni, skiptir á barninu eða aðstoðar það á wc og kemur því í svefn/hvíld. Þessa daga eru starfsmenn meira sem áhorfendur en eru að sjálfsögðu með foreldrum í þessu ferli, spjalla við börn og foreldra og bera ábyrgð á öllu dagskipulagi.

Á degi þrjú meðan börnin sofa/hvílast er hádegisfundur/námskeið með foreldrum, þar sem meðal annars PMT foreldrafærni og SMT skólafærni verður kynnt. Frábært ef báðir foreldrar geta mætt á hádegisfundinn/námskeiðið.

Af virðingu við börnin og starfssemi leikskólans eru GSM símar stilltir á þögn (silent) og ekki er talað í þá á meðan aðlögun stendur, nema í undantekningartilvikum.

Mikilvægt er að foreldrar virði þær reglur sem eru viðhafðar á deild barnsins og í leikskólanum almennt.

Foreldrar og gestir eru vinsamlegast beðnir um að gæta þagmælsku og trúmennsku við leikskólann og ræða ekki annars staðar það sem þeir heyra og sjá varðandi persónuleg málefni annarra barna, foreldra eða starfsmanna.

Ýmislegt getur komið uppá í dagsins önn sem hinn fullorðni skynjar ekki sem vandamál en er stærra í augum barnsins. Ef barnið vill einhverra hluta vegna ekki koma í leikskólann er mikilvægt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að komast að ástæðunni í sameiningu og vinna að lausn með barninu.



Aðlögun milli deilda

Þar sem deildir í Lundarseli eru aldurskiptar flytjast börn á milli deilda. Á Kríudeild eru yngstu börnin og stjórnar umsóknarlisti algjörlega hvenær börnin flytjast frá Kríudeild yfir á Bangsa- og Kisudeild. Nokkrir þættir eru hafðir til hliðsjónar þegar börn fara á næstu deild, eins og samsetning hópsins, tengsl innan hópsins og kennitala. Aldursblöndun á eldri deildum skiptir einnig máli þegar ákveðið hvort börnin eigi að fara á Bangsadeild eða Kisudeild.

Börnin byrja á því að koma í heimsókn á deildina sem þau flytja á í fylgd starfsmanns af Kríudeild. Aðlögunarferlið er metið út frá líðan barnsins og gengur yfirleitt mjög vel. Foreldrum er boðið í heimsókn í þessu ferli til að kynnst starfsemi og starfsfólki á nýju deildinni.

Aðalnámskrá leikskóla

Ný aðalnámskrá kom út árið 2011. Ýmsir þættir sem fjallað er um í aðalnámskrá eru sameiginlegir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Kaflar 1-3 eru sameiginlegir í námskrám skólastiganna þriggja en þar er fjallað um stefnumið menntakerfisins, um almenna menntun og markmið skólakerfisins, um grunnþætti menntunar og mat á skólastarfi. Starfsmenn Lundarsels eru byrjaðir að vinna að endurskoðun eldri námskrá Lundarsels í samræmi við nýju aðalnámskrána. Sú menntastefna sem birtist í nýrri aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við gerð námskrárinnar. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Aðalnámskrá er að finna á heimasíðunni okkar, slóðin er www.lundarsel.akureyri.is. undir flípanum Lundarsel - starfsgrundvöllur.

Skólastefna Akureyrar

Skólastefna Akureyrarbæjar var gefin út vorið 2006 og felur í sér stefnu bæjarins í skólamálum í leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Skólastefnan er afrakstur vinnu sem hófst árið 2003. Kjörorð skólastefnunnar eru, *þekking leikni virðing vellíðan*. Við mótun skólastefnunnar var lögð áhersla á að kennarar, fulltrúar foreldra og nemenda gætu haft áhrif á markmið og áherslur á hana. Í áframhaldandi vinnu við skólanámskrá Lundarsels er tekið mið af skólastefnu Akureyrarbæjar.

Stefna Lundarsels

Í Lundarseli leggjum við áherslu á að leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntun barnanna okkar ásamt því að veita þeim öruggt umhverfi, umhyggju og ástúð. Við leitumst við að búa



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

börnunum í Lundarseli lærdómsríkt umhverfi sem hvetur til sköpunar, umræðna og rannsókna. Við vinnum út frá áhuga barnanna og undrun þeirra á tilverunni.

Sýn okkar er að nútíma börn séu hugsandi einstaklingar með mikla hæfileika, tveggja ára barn hefur hæfileika sem við fullorðna fólkið höfum glatað. Við ýtum undir hæfileika hvers og eins, virðum hvert aldurstig og leggjum okkur fram um að skapa glaðværd í leik- og starfi barnanna.

Við lítum á leikinn sem hornstein leikskólastarfsins. Fjölpætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Leikurinn gefur börnunum kost á að endurspegla og endurskapa reynslu sína á eigin forsendum, ýmist eitt eða í leik með öðrum. Leikurinn skipar því veglegan sess í öllu starfi leikskólans.

Hugmyndafræðin sem við aðhyllumst er að mestu fengin úr hugmyndabanka barnaheimspekinnar, þar sem við trúum því að börn séu náttúrulegir frumspekingar, hafi hæfileika til að efast, velta fyrir sér og löngun til að læra. Börnin læra mest með því að gera hlutina sjálf og uppgötva með því að spjalla, snerta, skynja og upplifa. Siðfræði, umhyggja og agi eru einnig mikilvæg hugtök í barnaheimspeki sem við leggjum mjög mikið upp úr.

Matthew Lipmann er upphafsmaður barnaheimspekinnar. Hann kom fyrst fram með hugmyndir sínar um heimspeki með börnum í lok sjöunda áratugarins. Barnaheimspekin er ákveðið samræðuform eða leikur. Lipmann taldi að að skortur væri á heimspekilegri vídd í menntun barna að þau sætu berskjölduð nú á tímum hraða og harðsoðinna upplýsinga. Kenning hans er að heimspekileg samræða muni hjálpa við að greina kjarnann frá hisminu. Hugmyndir sínar sækir Lipmann helst í smiðju Johns Dewey um að börn læri með því að framkvæma sjálf. Að upphaf hugsunar er forvitni og eldsneyti hennar er efinn. Að ræktun hugans skipti mun meiri máli en þekkingin. Aðaláherslur Lipmanns eru að virkja börnin til ígrundaðrar, skapandi og umhyggjusamrar hugsunar, að tilgangur náms sé að auka hæfni barnanna til að leysa vandamál.¹

Lipmann og annar kunnur barnaheimspekingur Gareth Matthews horfa til aðferða frumspekinganna Platons og Sókratesar, en þeir settu heimspekina fram með samræðusniði sem fólst í því að rannsaka vandamál og hugtök með rökræðum. Þeir telja að margt sé líkt með börnum og frumspekingum, börnin hafa hæfileika til að undrast um lífið og spyrja óhikað spurninga.²

¹ Lipmann 1991

² Matthew 1980



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Markmið Lundarsels

- ♥ Að börnum, starfsmönnum jafnt sem foreldrum líði vel í leikskólanum og efla með sér jákvæða samvinnu og samstarfsfélag.
- ♥ Að börn og starfsmenn temji sér ígrundaða, gagnrýna og skapandi hugsun.
- ♥ Að búa börnum umhverfi sem er skapandi, forvitnilegt og fjölbreytt til náms í gegnum leik og störf sem efla alhliða þroska þeirra.
- ♥ Að börn og starfsmenn beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og öllu umhverfi sínu.

Leiðir:

Í gegnum allt sem fram fer í leikskólanum er leitast við að ná fram settum markmiðum.

Hið barnhverfa viðhorf er ráðandi þegar dagurinn er skipulagður, barnið er í brennidepli.

Við lítum á börnin, umhverfið, starfsfólkið og foreldrana sem samvirka heild.

Skólaárið er að mestu skipulagt á skipulagsdegi að hausti og á starfsmannafundum.

Skipulagning ræðst af stefnu leikskólans og barnahópnum hverju sinni.

Markmið með heimspeki í Lundarseli:

- ♥ Að börnin öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og öðrum.
- ♥ Að börnin öðlist aukinn skilning á lífinu og tilverunni.
- ♥ Að börnin þjálfist í því að greina hugmyndir sínar í sundur og í því að koma auga á áður óþekkt tengsl.
- ♥ Að börnin verði færari í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið og skapandi fyrir sér.
- ♥ Að heimspekivinnan örvi málþroskann og stuðli að rökvísni og víðsýni og efla sjálfstæða, gagnrýna og umhyggjusama hugsun.
- ♥ Að með heimspekivinnu uppgötvu börnin á áhrifaríkan hátt þau viðmið, gildi og reglur sem ríkja.

Heimspeki eflir:

Gagnrýna hugsun - Skapandi hugsun - Umhyggju hugsun

Stefna okkar er að allt starfið sé á heimspekilegum nótum. Þegar yngstu börnin byrja í leikskólanum eru þau oft ekki farin að tala. Því er ekki hægt að ræða mikið við þau á heimspekilegum nótum í byrjun. Um leið og börnin sýna færni í að tala reynum við að grípa tækifærið og fá þau til að velta vöngum og spyrjum þau ýmissa spurninga sem gjarnan



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

krefjast meira en bara já og nei svara. Eftir því sem börnin verða eldri verða samræðurnar meiri með ákveðnum kennara. Meginatriðið er að finna hvar áhugi barnanna liggur og ræða málin út frá því. Heimspekingur miðlar hugsunum sínum og skoðunum og heimspekingur vill heyra skoðanir og hugsanir annarra, af því að hann er vísindamaður sem rannsakar.

Einkunnaorð skólans eru: Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman. Þannig vísum við til heimspekinnar og gleðinnar sem býr í leiknum. Leikskólinn er lærdómssamfélag þar sem allir eru að læra af öllum, börn af börnum, börn af kennurum, kennarar af börnum og svo framvegis.

Skólareglur Lundarsels byggðar á hugmyndafræði SMT

Skólareglur Lundarsels eru byggðar á jákvæðum grundvelli. Meginmarkmiðið er að skapa notalegt, hlýlegt og jákvætt andrúmsloft í skólanum. Gleði skal ríkja, skilningur og jafnræði. Við viljum ánægða nemendur, starfsfólk og foreldra. Forsenda þess er virðing gagnvart öðrum og samábyrgð. Það er á ábyrgð alls starfsfólks.

Við erum fyrirmyndir barnanna og þurfum að vera mjög meðvituð um nauðsyn góðrar umgengni og að við verðum að framfylgja reglunum sjálf. Jafnframt óskum við eftir stuðningi foreldra, að þeir ræði þessi mál við börnin heima og sýni stuðning við þessar almennu hegðunarreglur.

Mikið er lagt upp úr að barnið öðlist góða sjálfsmynd og læri smám saman að ná tökum á góðri sjálfsstjórn. Við nýtum okkur SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum. Lundarsel tekur þátt í þróunarverkefni um að innleiða SMT skólafærni. Þróunarvinnan hófst með undirbúningsári í janúar 2007 og innleiðslan í starfið haustið eftir. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart börnum sem sýna óæskilega hegðun. Það er fullkomlega eðlilegt að allir sýni ekki alltaf æskilega hegðun, þrjóskest stundum við. Samkvæmt fræðum PMT/SMT hlýða börn í 70% tilvika og við tökum tillit til þess.

Tilgangurinn með því að innleiða SMT til er að styðja öll börn skólans. Reglurnar fyrir hverja stund í skólanum eru settar fram þannig að þær eru einfaldar og nákvæmar. Reglur eru hafðar sýnilegar, hengdar upp á vegg og kenndar með sýnikennslu, dæmum og æfingum. Það er hrósað mikið en hvatning er lykillinn í þessari agastefnu. Við hrósum á ýmsa vegu til að umbuna fyrir árangur, framfarir og það sem vel er gert. Skýr mörk eru sett og



Krúid. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

skilgreind þannig að allt starfsfólkið vinnur eins og börnunum er gert ljóst til dæmis með sýnikennslu hvað er minniháttar og hvað ekki, eins og að lemja er óæskileg hegðun, en að hafa hendur og fætur hjá sér er æskileg hegðun.

Markmið með samskiptareglum (byggðar á SMT skólafærni):

- ♥ Að börnin læri muninn á réttu og röngu og eflist í siðgæði.
- ♥ Að börnin að þrói innri stýringu á eigin hegðun.
- ♥ Að nota aga sem verkfæri til að skapa leik- og vinnufrið.
- ♥ Að börnin læri að leysa deilur á farsælan hátt.
- ♥ Að börnin læri kurteisi og tillitsemi.
- ♥ Að börnin geti sett sig í spor annarra og geti fundið til samkenndar.
- ♥ Að börnin læri að hlusta á önnur börn og bera virðingu hvert fyrir öðru.
- ♥ Að börnin læri að hlýða, fara eftir fyrirmælum og reglum.
- ♥ Að börnin fái skýr skilaboð og leiðsögn um það hvað sé leyfileg hegðun og hvað óleyfileg.
- ♥ Að börnin fái hrós fyrir jákvæða hegðun og sem minnsta athygli fyrir neikvæða hegðun.
- ♥ Að reglur séu fáar og skýrar. Eldri börnin eru með í að ákveða reglur.
- ♥ Að skapa jákvætt andrúmsloft sem örvar jákvæðan þroska og kemur í veg fyrir að erfiðleikar komi fram.
- ♥ Að starfsmenn séu góð fyrirmynd fyrir börnin.
- ♥ Lokamarkmiðið er að börnin öðlist sjálfsaga.

Leiðir:

Með aðferðum SMT er börnunum leiðbeint um hegðun. Ef þau sýna óæskilega hegðun er gjarnan farið yfir reglurnar, stoppað við og rætt saman eða ef um ítrekaða hegðun er að ræða er boðið uppá val /gefið val “ sem dæmi má nefna „gefðu næði á meðan Jói er á baðherberginu eða farðu í einveru”. Einvera er eitt verkfæri í SMT, það er staður/motta sem lögð er á gólfið hjá okkur fullorðna fólkinu, þar sem barninu gefst tækifæri komast úr aðstæðunum eða að hugsa málið. Börnin eru stutt á mottunni eða jafn margar mínútur og



Krúud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

þau eru gömul. Engin verður reiður, engar skammir, aðeins aðferð til að stoppa ítrekaða óæskilega hegðun.

Markmið með eineltisforvarnastefnu

- ♥ Að starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- ♥ Að starfsmenn reyni að fyrirbyggja einelti.
- ♥ Að starfsmenn kunni að vinna með einelti ef það á sér stað.

Leiðir:

Nauðsynlegt er að starfsmenn þekki við hvaða aðstæður getur orðið einelti. Einelti er skilgreint sem síendurtekið líkamlegt og eða andlegt ofbeldi þar sem einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einhvern einstakling.

Einelti er samskiptavandi og lagast ekki af sjálfum sér. Þolanda getur liðið mjög illa þegar hann er lagður í einelti. Stundum verður síðan þolandi árásargjarn og erfiður viðureignar og leggur jafnvel systkini eða önnur börn á öðrum vettvangi í einelti. Gerandi áttar sig stundum ekki á því að hann er gerandi. Ef gerandi er að vinna skipulega að því að leggja einhvern annan í einelti þá er það oft vegna þess að honum sjálfum líður illa. (getur jafnvel verið eins og hróp á hjálp). Sjá nánari um skilgreiningu eineltis og fylgifiskum þess í skólanámskrá Lundarsels og í handbókinni *Gegn einelti*.³

³ Skólanámskrá Lundarsel 2003: 22-24, Gegn einelti 2000



Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram. Þeim er sérstaklega boðið í foreldrakaffi, í einkaviðtöl, á foreldrafundi o.fl. Foreldrum er einnig velkomnið að hringja í leikskólann til að spyrja um barnið og eins mun starfsfólk hringja ef eitthvað er.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Gjald er innheimt í gegnum tölvupóst fyrir árið. Peningarnir eru notaðir til að standa straum af rútuförum, grillveislum, leiksýningum, jólagjöfum frá jólasveinum o.fl. Sjá meðfylgjandi lög Foreldrafélagsins (aftast).

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin. Þá eru rædd mál félagsins og leikskólans og stjórnin endurnýjuð. *Stjórnin skipuleggur vinnu foreldra og skiptir hlutverkum á foreldra í sambandi við vorhátíð.* Hefð er að því að foreldrar hjálpi til við vorhátíð. Stjórnin setur upp lista með nöfnum deilda sem skýrir verksvið þeirra nokkrum dögum fyrir áætlaða vorhátíð.

Foreldraráð

Úr lögum um leikskóla:

11. gr.
Foreldraráð.

Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Krúud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Auglýst er eftir fólki í foreldraráð fyrir aðalfund foreldrafélagsins og kosið um þá á fundinum.

Foreldrakaffi

Börn bjóða foreldrum nokkrum sinnum í kaffi og veitingar á skólaárinu. Það er auglýst nánar í dagatali deildarinnar. Einnig er afa og ömmu boðið í kaffi einu sinni á ári.

Foreldrasamtöl

Eftir að barnið er búið að vera í leikskólanum í nokkurn tíma eru foreldrar boðaðir í samtal til að ræða hvernig gengur. Allir foreldrar eru boðaðir í samtal a.m.k einu sinni á ári og er miðað við að samtalið sé í afmælistánuði barnsins. Foreldrar geta einnig beðið um samtal hvenær sem er. Hið sama gildir um starfsfólk deilda og leikskólastjóra. Í þessum samtölum er meðal annars rætt um líðan og framför barnsins í leikskólanum og heima. Einnig er farið yfir þroskalýsingar sem fylltar eru út fyrir hvert aldursskeið.

Nokkur atriði varðandi komur og brottfarir leikskólabarna

- ♥ Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita þegar komið er með barnið í leikskólann og það sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólk.
- ♥ Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er af öryggisástæðum nauðsynlegt að láta starfsfólk vita áður.
- ♥ Í öllum leikskólum Akureyrarbæjar gildir sú regla að sá sem sækir barn í leikskólann verður að hafa náð 12 ára aldri.
- ♥ Foreldrum er algerlega óheimilt að senda barn eitt í leikskólann og starfsmönnum leikskóla sömuleiðis óheimilt að senda börnin ein heim.
- ♥ Vinsamlegast látið vita ef barnið mætir ekki í leikskólann.

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum, s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer, námslok námsmanna og breytta hjúskaparstöðu.

Með undirritun á dvalarsamningi, skuldbinda foreldrar/forráðamenn sig til þess að virða skilmála hans og taka á sig þær fjárskuldbindingar sem í samningum felast.

Heimasíða Lundarsels

Heimasíða leikskólans er í stöðugri vinnslu (eins og allar heimasíður) leiðin til að komast inn á hana er www.lundarsel.akureyri.is. Markmiðið með heimasíðunni er að kynna leikskólann og koma á enn betra upplýsingastreymi fyrir foreldra. Netfanga póstlistar eru fyrir foreldra og



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

erum við smá saman að nýta okkur tæknina betur og sendum fréttabréf, dagatöl og ýmislegt fleira í gegnum netfangalista foreldra. Megin tilgangurinn með að nota netið sem mest er að draga úr pappírslóði og stuðla um leið að vistvænu umhverfi. Ef foreldrar hafa ekki aðgang að tölvum fá þeir að sjálfsgöðu fréttabréf og dagatöl í pappíriformi. **ATHUGA MEÐ AÐ**

SETJA EITTHVAÐ UM INSTAGRAM HÉR EÐA FYRIR NEÐAN ...

Fréttabréf og dagatöl

Leikskólinn gefur út fréttabréf nokkrum sinnum á ári sem er sent í tölvupósti til foreldra og sett á heimasíðu leikskólans þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni, skilaboð til foreldra, teikningar eftir börnin og ýmislegt fleira. Auk þess er dagatal sem einnig er sent í tölvupósti mánaðarlega þar sem hópastarfi, vettvangsferðum, afmælum og upptákum eru gerð skil. Stundum fylgja þessum dagatölum fréttir af deildinni.

Fyrir framan deildirnar eru upplýsingatöflur sem skrifað er á helstu viðburðir dagsins sem og upplýsingar til foreldra um það sem er á döfinni. Því er afar mikilvægt að foreldrar lesi á töfluna daglega, svo hægt sé að ræða við börnin hvað þau hafi verið að gera í leikskólanum þann daginn og hvað sé framundan. Einnig eru korktöflur við innganga deildanna en þar eru settar upp skráningar sem lýsa því sem börnin eru að fást við hjá okkur t.d. í hópastarfinu.

Jólafondur og „litlu jól”

Í Lundarseli er hefð fyrir því að hafa jólafondurdag, þá er foreldrum boðið að koma og fönndra með barninu. Þetta er skemmtilegur dagur og einnig er boðið upp á veitingar.

Hefð er fyrir að halda jólaball skömmu fyrir jól og sjá starfsmenn Lundarsels alfarið um það enda er það eingöngu fyrir börn og starfsfólk. Dansað er í kringum jólatréð og jólasveinar koma í heimsókn foreldrafélagið hefur greitt.



Skólastarf Lundarsels

Leikskólastarfið er fjölbreytt og má þar t.d. nefna vinnu með barnaheimspeki og verkefni um jafnrétti. Börnum er eðlislægt að vera forvitin og rannsakandi og samkvæmt hugmyndafræði barnaheimspekinnar er mikilvægara að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með endanlegum svörum. Heimspekin eflir gagnrýna, skapandi og umhyggjusama hugsun. Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í faglegt, uppeldislegt og gleðiríkt starf. Það skoðar líka starfið með kynjafræðilegum gleraugum með það að leiðarljósi að allir séu jafnir, strákar og stelpur, kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Lífstjáning barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið hvers barns.

Heilsuefling og heilbrigði er einnig ein af áherslum skólans. Mikilvægt er að leikskólanámið fari fram jafnt utan dyra sem innan. Þetta er gert með skipulögðum hreyfistundum, útiveru og vettvangsferðum. Vinna við að efla sjálfsmynd og sjálfsstjórn barna skipar stóran sess. Unnið er með SMT -skólafærni til að skapa gott andrúmsloft, tryggja öryggi og velferð allra í leikskólanum. Einkunnarorð Lundarsels, „Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman“, er tilvísun í gleðina sem felst í leiknum, við að leita svara og rannsaka sjálfur. Allir eru að læra börn jafnt sem fullorðnir. Sameiginlegt skóladagatal er gert fyrir hvert skólaár. Hver deild skipuleggur sitt starf eftir stefnu leikskólans, aldri barnanna og samsetningu barnahópsins.

Leikurinn

Leikurinn skipar veglegan sess í öllu starfi leikskólans. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn á leikskólaaldri læra lang mest í gegnum leik. Lífstjáning barnsins endurspeglast í leiknum sem er ein mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Í gegnum allan daginn er leitast við að skapa börnum góð skilyrði fyrir leik þar sem gefinn er tími fyrir góða samfellu leiksins. Börnin velja sér svæði til að leika sér á og er mismunandi verkefni og efniviður í boði á hverju svæði, til dæmis hlutverkaleikir, kubbar, spil, bílar, bækur, ýmis borðvinna o.fl. Í frjálsum leik þarf barnið að læra að leika sér og starfa í þeim barnahópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum öðlast barnið skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Í samræmi við stefnu og hugmyndafræði leikskólans er megin áhersla á að efniviður og námsgögn leikskólans sé opinn sem leiði til skapandi kennslu og efla alla þroskaþætti.

Í Lundarseli eru námsgreinar kenndar í gegnum leikinn og allt sem fer fram í leikskólanum. Til dæmis er oft gott tækifæri til að kenna stærðfræði í matartímum en þar eru börnin að telja hvað þau eru með margar bollur, kartöflur á disknum sínum og telja síðan hvað eru margar eftir þegar ég er búin með eina bollu o.s.frv. Í fataklefanum gefst einnig gott tækifæri til að



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

ræða við hvert og eitt barn, þar er til dæmis rætt um litinn á fötunum sem barnið er að klæða sig í, barnið fær æfingu í að efla fínhyreyfingar með því að klæða sig sjálft með aðstoð hins fullorðna.

Á veturna er opið milli deilda einu sinni í viku. Tilgangurinn með því er að börnin geti kynnst öðrum deildum, t.d. heimsótt deildina þar sem systkinið er og einnig auðveldar þetta flutning frá Kríudeild yfir á eldri deildirnar.

Hópastarf

Ein leið sem við förum til að gera uppeldisstarfið enn markvissara er að skipta börnunum niður í litla hópa eftir aldri og þroska og er hver tími er um það bil 1/2-1 1/2 klst. Rauði þráðurinn í hópastarfinu er að bæta samskipti og rækta vináttuna. Í hópastarfi er tekið á öllum námssviðum leikskólans. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli allra þroskaþáttanna.

Með frjálsri listsköpun (myndlist, tónlist, einingarkubbar o.fl.) örvum við hugmyndaflug, eflum frumkvæði og sjálfstraust barnanna. Í leik með tónlist fá börnin að kynnst hljóðfærum og grunnhugtökum í tónlist. Einingakubbarnir efla tilfinningu barnanna fyrir stærðfræðilegum formum, þyngdarlögmálinu, eðli og rúmtaki efnis.

Barnaheimspeki er fléttað inn í allt hópastarf Lundarsels. Á öllum deildum (ekki 2ja ára börnin) er hluti af hópastarfinu heimspekilegar samræður með börnunum. Í samræðuhóp læra börnin að hlusta á hvert annað, taka tillit til hugmynda og skoðana annarra, spyrja spurninga, vega og meta og kljást við viðfangsefnið út frá eigin þekkingu. Notaðar eru kennsluleiðbeiningar með barnaheimspekinni.

Stig af stigi

Stig af stigi er kennsluefni fyrir 4-10 ára börn og er þetta efni einkum ætlað til að styrkja félagshæfni og sjálfsga barnanna. Þegar börn ná betri færni í félagslegum samskiptum, styrkist ekki bara sjálfsmynd þeirra heldur verða þau líka betur hæf til bóknáms. Börn læra félagslega hegðun á svipaðan hátt og þau læra andfélagslega hegðun, með því að herma eftir, æfa og styrkja færni sína. Í Stigi af stigi er aðferðum beitt til að kenna börnum æskilega hegðun. Kennsluefnið inniheldur myndir, sögur og handbrúður og er þetta efni eitt að því sem notað er í samverustundum í leikskólanum.



Tölvur

Á öllum deildum eru tölvur. Í Lundarseli hefur verið valin sú leið að setja tölvuna ekki upp á stall heldur er hún í boði eins og önnur námstæki leikskólans. Börnin velja sér að vinna í tölvu og geta þrjú valið hana í einu og reynir mikið á þau að geta haft þolinmæði til að skiptast á að stjórna músinni. Eingöngu þroskavænlegir leikir og verkefni eru í boði; einnig er netið nýtt í sama tilgangi. Það er einn iPad á hverri deild, hann er notaður til að taka börnin upp í leik, fylgjast með þroska þeirra og einnig nýtum við þau öpp sem við teljum að séu lærdómsrík fyrir börnin.

Elstu barna starf

Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn á leikskólaaldri læra lang mest í gegnum leik. Það á við elstu börnin í Lundarseli jafnt sem yngstu. Elstu börnin vinna auk þess ákveðin verkefni sem ætlað er að þjálfar meðal annars einbeitingu, félagslega færni, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð.

Lundarsel er í mjög góðu samstarfi við Lundarskóla, samstarfið felst í heimsóknum leikskólabarna í skólastofuna, íþróttahúsið og skólavistunina. Einnig koma grunnskólabörnin í heimsókn til okkar. Upplýsingafundir þar sem leik- og grunnskólakennarar ræða saman eru haldnir nokkru sinnum og leikskólakennarar afhenda grunnskólakennurum umsögn elstu barnanna að vori.

Stafabema

Á eldri deildum er stafabema allan veturinn, á mánudögum er kynntur einn stafur í stafrófinu. Allir nemendur koma með tillögu að orði sem viðkomandi stafur byrjar á. Orðin eru skrifuð upp og eru sýnileg alla vikuna. Einnig er farið í leiki með orðum um stafinn og í myndlist er unnið með viðkomandi staf á ýmsan hátt. Elstu börnin vinna auk þess verkefni sem tengist viðkomandi staf.

Hljóm 2

Hér í Lundarseli notum við greiningartækið Hljóm sem notað er til að kanna hljóð- og málvitund leikskólabarna. Greiningatækinu er ætlað að finna börn á aldrinum u.þ.b. 5-6 ára sem hugsanlega gætu lent í lestrarerfiðleikum síðar. Rannsóknir sem gerðar voru á meðan greiningatækið var í þróun sýndu að góður árangur náðist við að þjálfar börnin í þeim þáttum sem voru slakir hjá þeim. Því höfum við mikinn áhuga á að nota þetta tæki til að gera það



Krúud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

sem við getum til að auðvelda börnunum „okkar“ að tileinka sér lestur. Greiningin er framkvæmd þegar barnið á eftir um eitt ár í leikskólanum en þá höfum við tækifæri til að örva börnin þar sem þeirra veiku hliðar liggja ef niðurstöður sína að þess er þörf. Önnur greining er gerð að vori til að sjá hvort framfarir hafi orðið hjá barninu.

Við viljum biðja foreldra að láta vita ef þeir eru mótfallin því að við athugum hljóð- og málvitund barnanna ykkar með þessu greiningartæki.

Hreyfing/Íþróttir

Í skipulögðum hreyfistundum fara öll börn í sal að minnsta kosti einu sinni í viku, þar læra þau m.a. að virða leikreglur, fara að fyrirmælum, meta aðstæður, finna sig í rýminu, slaka á og læra inn á líkama sinn. Vel skipulögð hreyfistund veitir þeim fullorðna einnig nákvæma yfirsýn yfir hreyfiproska og framfarir barnanna. Einu sinni í mánuði fara öll börn í skipulagða hreyfistund í KA heimilinu. Börnin fara í gönguferðir á eldri deildum 1-2 sinnum í mánuði þar sem þau ganga mislangar vegalengdir. Útivera er hjá flestum börnum daglega og sumum tvisvar á dag og oftár á sumrin. Þar fá börnin að hreyfa sig eins og þau hafa þörf fyrir, hlaupa og ærslast. Skipulagðir leikir eru einnig í útiveru en þeir eru algengari á sumrin. Einnig fara börnin í óhefðbundna heimspeki sem gefur þeim tækifæri á að tjá sig með líkama og sál, þar hreyfa þau sig m.a. í tjáningu, dansi og spuna.

Dagskipulag

Í Lundarseli er dagskipulagið unnið út frá þörfum barnsins. Við höfum fasta punkta yfir daginn svo börnin séu örugg innan þess ramma sem við setjum. Þá vita þau alltaf hvað kemur næst og að hverju þau ganga, ekkert óöryggi og öllum líður vel.

Foreldrar fá sent skóladagatal fyrir veturinn þar sem fyrirkomulag hvers mánaðar er kynnt í grófum dráttum. Auk þess sem fréttabréf eru send mánaðarlega til allra foreldra.

Stefna Lundarsels í matarmálum

Í Lundarseli er unnið eftir ákveðnum matseðlum sem eru sameiginlegir fyrir leikskóla og grunnskóla bæjarins. Áhersla er á hollan mat og er boðið upp á ávexti þrisvar sinnum yfir daginn, um miðjan morgun um klukkan 10.00, í hádeginu og síðdegishressingu. Gos, djús, kakómalt og sælgæti er ekki á boðstólum.

Morgunmatur



Krúud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Í morgunmat er ávallt boðið upp á hafragraut, mjólk og lýsi. Öll börn fá ávöxt um klukkan 10.00. Súrmjólk/mjólk og kornmeti er í boði á eldri deildum tvisvar í viku. Einu sinni í mánuði er ristað brauð með osti, á öllum deildum og þá er hafragrautnum sleppt.

Hádegismatur

Sameiginlegur hádegis matseðillinn er í öllum leikskólum og grunnskólum bæjarins og nær hann yfir sjö vikur í senn og er hann sýnilegur á heimasíðum skólanna. Þar er hægt að skoða matseðilinn fyrir hvern dag, sjá innihaldslýsingu máltíða. Þegar fram líða stundir verður hægt að sjá útreiknað næringargildi matarins. Matseðlarnir og innihaldslýsingarnar hafa verið unnar af sérfræðingum. Þessar upplýsingar gera foreldrum kleift að fylgjast vel með þeirri næringu sem skólinn býður upp á. Matseðla uppskriftir og upplýsingar um næringargildi má skoða á slóðinni <http://akmennt.is/matur>. Nánari upplýsingar um matinn er á heimasíðu Lundarsels og matseðill fyrir tvær vikur eru hengdar upp á hverjum mánudegi við hverja deild.

Síðdegishressing

Í síðdegishressingu er oftast boðið upp á heimabakað brauð, með ýmsu áleggi eða gróft hrökkbrauð og bruður. Mjólk og vatn er ávallt í boði og ávöxtur.

Tilbreyting

Við höldum upp á þjóðlegar hefðir eins og til dæmis á Sprengjudaginn er saltkjöt og baunir.

Við gerum okkur dagamun í sambandi við mat og eru þær helstu eftirfarandi;

Afmælisveisla Lundarsel; pylsur/ skúffukaka

Jólafondur barna og foreldra; smákökur og muffins.

Jólamatur; hvítur ís í eftirrétt.

Ferð í jólahúsið (ekki tveggja ára); börnin fá sælgæti í poka sem þau fara með heim.

Ferð á Bautann (ekki tveggja ára); kakó og kleina

Kveðjuveisla elstu barnanna; grill, snakk og eða ís í boði Lundarsels

SMT umbun; ef börnin velja ís eða snakk er það í boði

Vorhátíð Lundarsels; veitingar eru í umsjón foreldrafélagsins, boðið er upp á pylsur og safa.

Öskudagur; pylsur og öskudagsnammi sem börnin vinna sér inn með söng fer heim með þeim. Tveggja ára börnin fá poppkorn.



Krúid. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Samverustundir

Í samverustundum gefst börnum og starfsmanni tækifæri til að eiga saman notalega stund í ró og næði. Þá er hægt að lesa, syngja saman og spjalla um daginn og veginn. Við lestur bóka og þegar starfsmaður segir börnum sögur gefst gullið tækifæri til að ræða saman um bókina og örva þar með lesskilning barna.

Hvíld-samvera

Í hvíldinni geta þau börn sofið sem þess þurfa en hin eru að leggja sig og hlusta á rólega tónlist, ævintýri eða sögu. Hvíldin endurnærir börnin sem verða enn þá betri til þess fallinn að taka áfram þátt í leik og verkefnum dagsins. Alltaf er nokkuð um það að börnin séu von því að sofa úti. Við höfum ekki aðstöðu til að geyma vagna hér í Lundarseli en ef foreldrar vilja geta þeir komið með vagn með sér í leikskólann og tekið hann með sér heim í lok dags.

Útivera

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði.

Útivera er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt og rýsjótt en við því er ekkert að gera. Til að mæta þessu, klæðum við okkur rétt og högum útiveru eftir veðri. Förum seinna út eða komum fyrr inn þegar það er mjög kalt.

Stundum kemur það fyrir að foreldrar óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyrá. Börn sem dvelja langdvölum innandyrá eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem von eru útiveru. Sjálfsagt er að koma til móts við óskir foreldra um stutta útiveru þegar barnið er t.d. með mjög slæman hósta og þá getur barnið farið síðast út og fyrst inn. Sjá enn fremur bréf frá Þórir V. Þórisson yfirlækni yfirlækni Heilsugæslustöðvarinnar um veikindi leikskólabarna og lyfjagjöf í leikskólum.

Afmælis dagar og kveðjuveislur

Þegar barn á afmæli í Lundarseli er flaggað fyrir því, það fær kórónu, sungið er fyrir það afmælissöngurinn og kveikt á jafnmörgum kertum og árin segja til um hjá afmælisbarninu. Barnið fær jafnframt að velja sönglög í söngstund auk þess sem það er þjónn og aðstoðar við að leggja á borð í matmálstímum. Barnið kemur ekki með neitt að heiman til að bjóða hinum börnunum.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Þegar barn hættir í leikskólanum kemur það ekki með neitt að heiman til að bjóða hinum börnunum. Barnið fær möppu í kveðjugjöf sem það hefur safnað nokkrum verkum í gegnum árin sín í Lundarseli. Lundarsel sér um kveðjuveislu fyrir elstu börnin.

Ef afmælisbarni langar að bjóða hluta af hópnum eða deildinni í afmæli sitt eru það vinsamleg tilmæli frá foreldrafélaginu og starfsmönnum Lundarsels að það sé ekki gert í gegnum leikskólann. Erfitt getur verið fyrir barn sem ekki er boðið í afmæli að sjá til dæmis miða í hólfum barnanna sem er boðið.

Uppákomur

Einn föstudag í mánuði er uppákoma í sal svo sem söngstund og leikrit en deildirnar skiptast á að sjá um uppákomur í sal. Þessar uppákomur eru tilgreindar á skóladagatalinu og á dagatölum deildanna, mánaðarlega.

Lokunardagar

Starfsfólk í leikskólum Akureyrarbæjar hefur rétt á skipulagsdögum, námskeiðsdegi og starfsmannafundi samtals 6 daga á ári, þá er leikskólinn lokaður. Þessir dagar eru notaðir til fræðslu og til að undirbúa uppeldisstarf leikskólans og meta það starf sem unnið hefur verið. Foreldrum er tilkynnt um þessa daga í apríl og þar kemur fram hvort lokað er heila daga eða hálfan dag.

Veikindi

Fái barnið smitandi sjúkdóm eða smitast t.d af lús **ber foreldrum skylda** til að láta leikskólann vita. Þá er hægt að vara aðra foreldra við og gera aðrar ráðstafanir sem þurfa þykir.

- Leikskólar eru ætlaðir heilbrigðum börnum.
- Veikist barni skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa.
- Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi á það að vera tilbúið til að taka þátt í öllu starfi leikskólans jafnt úti sem inni.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að virða þessar reglur og biðja starfsmenn **ekki** um að börnin séu inni nema í undantekningatilvikum. Með undantekningatilvikum er átt við langvarandi eða síendurtekin veikindi. Í óvissu tilfellum er gott að hringja og ræða við deildarstjóra um þessar reglur. Sjálfsagt er að barnið fari síðast út og komi fyrst inn, þannig að útiveran er mjög stutt, fyrstu daganna eftir veikindi. (Sjá nánar bréf frá Þórir V. Þórisson yfirlækni á bls. 23)



Fæðisafsláttur

Ef barn er fjarverandi frá leikskólanum samfleytt í mánuð eða meira vegna veikinda eða fría (fyrir utan 4 vikna sumarleyfi) dregst frá fæðiskostnaður, enda hafi verið tilkynnt um fjarveru fyrirfram og sótt um afslátt á þar til gerðu eyðublaði.

Leikskólagjöld

Leikskólagjöld ber að greiða fyrirfram fyrir 15. hvers mánaðar og eru þau innheimt með heimsendum gíróseðlum. Ef leikskólagjöld eru ekki greidd innan tveggja mánaða fá forráðamenn sent ítrekunarbréf frá Intrum. Ef ekki semst um frekari greiðslu eftir það fylgir uppsögn í kjölfarið.

Uppsagnarfrestur-breytingar

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast hann við mánaðamót eða 15. hvers mánaðar. Foreldrar skuldbinda sig til að halda sama dvalartíma að minnsta kosti eina önn (4 mánuðir í einu) **Ein önn er: September – Desember, Janúar – Apríl, Maí – Ágúst.** Óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns í leikskóla skal óskum þar að lútandi komið til leikskólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum. Eyðublöðin eru í forstofum leikskólans og á heimasíðu leikskólans og þau þurfa að berast með mánaðar fyrirvara. Því miður getum við ekki alltaf komið til móts við óskir um breytingar en ákveðinn fjöldi barna má vera á hvern starfsmann og því þarf að taka tillit til þess.

Svipuð eyðublöð eru fyrir uppsagnir og hægt að nálgast þau á sama stað og blöð um breytingar. Heimilt er að krefjast eins mánaðar greiðslu, hafi reglu um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.

Klæðnaður

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur barninu. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann.

Reimar í fatnaði

Hættulegt getur verið að hafa reimar í fatnaði barna þá sérstaklega í hálsmálum. Auk þess hafa treflar reynst mjög varasamir. Séu reimar notaðar að jafnaði má nota teygju í staðinn. Teygjan er þrædd í hettuna og endar teygjanna saumaðir fastir við opin sem gerð eru fyrir reimina.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029



Vinsamlegast að stöðva vélina í bílnum

Vinsamlegast stöðvið vélina í bílnum þegar þið komið í leikskólann.

Börnin vilja gjarnan vera laus við þá mengun sem verður af bílum sem eru í gangi.

Óhöpp og slys / tryggingar

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og þeir beðnir um að fara með barnið á slysadeild ef þess þarf.

Þurfi foreldrar eða starfsmenn að fara með börn á slysadeild vegna óhapps í leikskólanum *greiðir leikskólinn fyrir fyrstu heimsókn* en síðan foreldrar eða forráðamenn ef þörf er á frekari meðferð.

Akureyrarbær hefur keypt tryggingu fyrir öll börn sem eru í leikskólum, skólum og námsskeiðum á vegum bæjarins. Þetta er svonefnd slysatrygging skólabarna en henni er fyrst og fremst ætlað að mæta stærri áföllum. Skilmálar eru í aðalatriðum þeir að allir skráðir nemendur eru tryggðir á skólatíma, á leið í og úr skóla og í ferðalögum á vegum skólans.

(Sjá dvalarsamning.)

STARFSFÓLK LUNDARSELS ER BUNDIÐ ÞAGNASKYLDU

Barnaverndarlög frá 2002 IV. Kafli.

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur við barnaverndaryfirvöld

17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum.

- Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni



Krítud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

- Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.
- **Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.**



Krítud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Viðbrögð við miklum veikindum í starfsmannahópi Lundarsels

Ástæður:

Á ákveðnum tímum geta fjarvistir starfsmanna orðið verulegar og geta ástæður fjarverunnar verið nokkrar, til dæmis vegna: Smits af inflúensu, annarra veikinda, annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokunar leikskóla og grunnskóla.

Aðgerðir:

Ef upp koma þær aðstæður í Lundarseli að fjarvera starfsmanna er það mikil að stjórnendur treysta sér ekki til að tryggja öryggi barnanna í skólanum miðað við starfsmannaafli þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- **Senda verður ákveðinn fjölda barna heim úr skólanum.** Haft verður samband við foreldra ákveðinna barnahópa og þessir foreldrar verða beðnir um að sækja börn sín strax í skólann.
- Öll börn skólans eru í ákveðnum hópum og eru því ákveðnir hópar sendir heim hvern dag sem ofangreint ástand varir.
- Séð verður til þess að hver hópur fari 1x heim áður en aftur er haft er samband við sama foreldrahóp.

Samskipti við foreldra:

Hringt verður í þá foreldra sem þurfa að sækja börn sín. Einnig verður sendur tölvupóstur í gegnum Mentor kerfið. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Yfirstjórn og ráðgjöf

Skóladeild Akureyrarbæjar fer með yfirstjórn leikskólanna, fjármál, áætlanagerð, innritun barna og skipulagsmál. Skóladeildin veitir allar almennar upplýsingar um skólastarf á Akureyri, tekur á móti erindum vegna skólamála og fylgir eftir samþykktum skólanefndar.

Fræðslustjóri er yfirmaður skóladeildar. Hann er tengiliður grunn- og leikskólanna við bæjaryfirvöld.

Fræðslustjóri er Soffía Vagnsdóttir **S. 460-1456**,

netfang:gunnar@akureyri.is

Leikskólafulltrúi fer með yfirumsjón með rekstri, starfsemi og starfsmannahaldi fyrir leikskólana. Leikskólafulltrúi er næsti yfirmaður leikskólastjóra Akureyrarbæjar.

Leikskólafulltrúi er Hrafnhildur Sigurðardóttir **S. 460-1452**,

netfang:hrafnhildur@akureyri.is

Leikskólaráðgjafi veitir almenna ráðgjöf inn í leikskólann vegna barnahópsins.

Leikskólaráðgjafi er Sesselja Sigurðardóttir **S.460-1453**,

netfang: sesselja@akureyri.is

Leikskólaráðgjafi vegna sérkennslubarna annast faglega ráðgjöf við leikskólastjóra og aðra starfsmenn leikskóla, vegna barna sem þurfa á sérkennslu að halda. Hann er staðsettur á Fjölskyldudeild. Fjölskyldudeildin sér um að veita börnum sálfræði- og talmeinaþjónustu.

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslubarna er Elva Haraldsdóttir **S.460-1420**,

netfang:elva@akureyri.is

Háskólinn á Akureyri veitir stofnanaráðgjöf til leikskólanna að beiðni leikskólastjóra. Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri hafa gert með sér rammasamning. Samningurinn felur í sér ráðgjöf, sí- og endurmenntunaráætlanir og stuðning við skólanna sem stofnun. Leikskólarnir sækja um þá þjónustu sem þeir óska eftir til skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri.

Skólanefnd er skipuð pólitískum bæjarfulltrúum og er henni ætlað að móta stefnu bæjarins í leikskólamálum. Þar sitja bæjarfulltrúar svo og áheyrnarfulltrúar leikskólastjóra, starfsmanna og foreldra.

Lög um leikskóla frá 2008

„Leikskóli er skv. lögum fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast í samræmi við lög þessi, að ósk foreldra, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri, undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

Stofnun leikskóla og rekstur er á ábyrgð sveitarfélaga, en fagleg yfirstjórn er í höndum menntamálaráðuneytis. Menntamálaráðuneytið setur leikskólum aðalnámskrá þar sem m.a.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans og meginstefnu varðandi starfshætti.“ Leikskólinn útbýr síðan námskrá fyrir leikskólann með hliðsjón af aðalnámskránni.

Markmið í lögum um leikskóla 2. grein

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- ♥ að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- ♥ að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- ♥ að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- ♥ að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- ♥ að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- ♥ að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Starfsfólk leikskóla

Í lögum um leikskóla III. kafla 6. gr. segir: „Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólakennari skulu hafa menntun leikskólakennara, sbr. lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla..“

- Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.
- Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.
- Leikskólakennarar með deildarábyrgð stýra starfi á einstökum deildum.
- Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna á deildum að uppeldisstarfi með börnum.
- Þeir leikskólakennarar sem annast sérkennslu vinna að stuðningi við einstök börn.

Starfsfólk Lundarsels er bundið þagnarskyldu um öll trúnaðarmál sem og hagi einstakra barna og foreldra þeirra.

Foreldrar eru sömuleiðis beðnir um að virða þagnarskyldu í sambandi við önnur börn og starfsfólk leikskólans.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Veikindi leikskólabarna og barna í leikskólum – Ráðleggingar varðandi viðbrögð og lyfjagjafir

Eftirfarandi ráðleggingar hafa verið samþykktar af heimilislæknum Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

Hiti: Barn með hækkaðan líkamshita, þ.e. yfir 38° hita við endaparmsmælingu), verki og slen ætti ekki undir neinum kringumstæðum að vistast hjá dagforldri eða leikskóla. Ástæðan er fyrst og fremst viðleitni til að draga úr vanlíðan barnsins sem fær meiri umönnun heima og sleppur við það áreiti sem fylgir því að vistast innan um heilbrigð börn. Athuga verður þó að mikil áreynsla getur orðið til þess að ungt barn fái hita yfir 38° (“áreynsluhiti”) með sleni. Þau ættu að hressast af stuttri hvíld og gjöf sæts drykkjar.

Smit: Barn smitar mest þegar það er að veikjast og næstu 3-7 sólarhringana þar á eftir. Skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa og endurheimt þrótt sinn. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann getur það í undantekningartilfellum fengið að vera inni í 1 sólarhring. Erfitt er þó að koma því við hjá dagforeldri og í þeim tilvikum mælt með að barnið sé þá heima einn dag til.

Athugið að heilsa barnsins er hér í fyrirrúmi. Smithætta gagnvart öðrum börnum er atriði sem ekki ætti að vera að velta sér mikið upp úr þar sem nánast ómögulegt er að komast fyrir smit og sum barnanna sem virðast frísk eru að bera sýkilinn á milli barna, og jafnvel einkennalausir fullorðnir. Því er sú hugsun að einangra barn frá öðrum í flestum tilfellum tilgangslaus og óþörf. Að þessu sögðu ætti þó barn með augljóst smit ekki að sækja leikskóla eða vera vistað hjá dagforeldri. Gera verður þó undantekning með saklausar kvefpestir án hita og slappleika, nefrennsli og jafnvel augnrennsli samfara saklausu kvefi.

Sýkingar: Þegar barn er meðhöndlað með sýklalyfi vegna bakteríusýkingar sem berast manna á milli (streptókokkahálsbólgu, skarlatssótt, öndunarferasýkingar, húðsýkinga) ætti barn að vera heima þar til sýklalyfjameðferð hefur staðið í a.m.k. einn sólarhring, og það er hitalaust og hefur endurheimt þrótt sinn. Varðandi eyrnabólgu og vægari þvagferasýkingar þá slær flótt á einkenni eftir að sýklagjöf er hafin og veikindi eru oft væg og þá er í lagi að þau börn sem eru á meðferð vegna þess sæki leikskóla eða til dagforeldris fyrr.

Flestar veirusýkingar (kvef, iðrakveisur, influensa, útbrotasýkingar aðrar en skarlatssótt) eru smitandi upp undir viku, nema einkenni séu um garð gengin fyrr. Þess má geta að eins og fram hefur komið þá eru stýrur í augum og augnrennsli í fæstu tilfellum alvarlegra en hor og lagast venjulega án meðferðar, nema roði í hvítu eða þrútin augnlok sé að ræða. Ath. að augnsýkingar eru í langflestum tilfellum orsakaðar af kvefveirum. Valda roða, sviða/kláða og slímmyndun í báðum augum. Augnlok eru ekki bólgin. Oft meðfylgjandi kvef. Meðferð er reglulegur þvottur með volgu kranavatni. Ef einkenni dragast á langinn (>4-5 daga), versna eða ef þetta er bólgið auga þá ættu þau að fara til læknis í mat.

Sníkjudýrasmit: Greinist njálgur eða kláðamaur hjá barni ætti öll fjölskyldan að fá meðferð. Daginn eftir meðferð er smithættan liðin hjá og barnið má fara aftur á leikskólann eða til dagforeldris. Ekki er ástæða til að tilkynna þetta öðrum foreldrum nema tilfelli sé fleiri.

Lyfjagjafir: Ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar á leikskóla eða hjá dagforeldri. Mjög sjaldgæft er að gefa þurfi lyf oftar en 3svar á dag. Þegar lyf er gefið 3svar á dag má gefa miðskammtinn þegar heim er komið, jafnvel þó það hafi liðið eitthvað yfir 8 tíma frá morgunskammtinum. Undantekningar á þessu geta þó verið sykursýkis, asthma eða ofnæmislyf. Í slíkum tilfellum er þó ráðlagt að fá skrifleg ummæli frá meðhöndlandi lækni og ítarlegar leiðbeiningar frá foreldrum barnsins og/eða lækni þess.

F.h. heilsugæslulækna á Akureyri, 20. október 2010

Þórir V. Þórisson yfirlæknir



Atferlisathuganir og skráningar

Varðandi atferlisathuganir og skráningar á upplýsingum um börn í leikskólum.

Samkvæmt lögum um leikskóla eru meginmarkmið með leikskólastarfi m.a.

...að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.

Almennar atferlisathuganir/skráningar

Til að fylgjast með þroska hvers barns og til að fylgjast með samskiptum í leikskólanum, hafa leikskólakennarar möguleika á að gera atferlisathuganir eða skráningar á hegðun barna og starfsfólks innan deilda leikskólans. Þessar atferlisathuganir/skráningar eru til þess fallnar að athuga markvisst hvernig þroska barna og samskiptum innan deildar er háttað. Þessar atferlisathuganir/skráningar fara fram í leikskólanum og eru fléttaðar inn í daglegt starf leikskólakennarans. Þær geta verið skriflegar, hljóðritaðar aða teknar upp á myndband.

Niðurstöður úr þeim atferlisathugunum/skráningum sem beinast sérstaklega að einstökum börnum eru kynntar foreldrum þeirra í sérstökum foreldraviðtölum sem tekin eru a.m.k. einu sinni á ári.

Sértækar athuganir

Ef, af einhverjum ástæðum, er talið að gera þurfi sérstakar athuganir á barni t.d. vegna gruns um seinkaðan þroska, hvort heldur er andlegan, líkamlegan eða félagslegan, er foreldrum þess barns kynnt það sérstaklega og skrifleg heimild fengin til að gera þær athuganir sem þurfa þykir. Niðurstöður þeirra athugana eru kynntar foreldrum þess barns sérstaklega og með samþykki þeirra leitað leiða til að aðstoða barnið.



Krítud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Samstarf við heilsugæsluna

Lundarsel hefur samstarf við heilsugæslu Akureyrar. Markmiðið með þessu samstarfi er að auðvelda barninu 4 ára skoðunina þar sem hún fer fram í umhverfi sem barnið þekkir.

Hjúkrunarfræðingar ung barnaverndar koma í leikskólann og gera 4 ára skoðun barnanna.

Foreldri barnsins er ávallt með barninu í skoðuninni í leikskólanum.

Í leikskólanum er málþroski athugaður, fínhyrfingar, gert er sjónpróf og mæld hæð og þyngd. Leikskólakennarar Lundarsels svara skriflega spurningum um þroska barnsins.

Ungbarnaeftirlitið sendir foreldrum bréf þar sem barninu er úthlutað tímum í skoðanirnar.

2^{1/2} árs skoðun fer fram á Heilsugæslustöðinni, leikskólakennarar svara skriflega spurningum sem foreldrar taka með sér í skoðunina, hafi barnið dvalið að lágmarki þrjá mánuði í leikskólanum þegar að skoðun kemur.



Lög foreldrafélags Lundarsels

- 1.gr Félagið heitir Foreldrafélag Lundarsels.
2. gr Allir foreldrar/forráðamenn barna í Lundarseli eru boðnir velkomnir sem félagsmenn. Það er einnig opið fyrir starfsmenn.
- 3.gr Tilgangur félagsins er að standa fyrir, skipuleggja og fjármagna ákveðna viðburði fyrir börn Lundarsels þeim til ánægju og yndisauka. Einnig að styrkja jákvæð samskipti foreldra/forráðamanna, barna og starfsmanna.
- 4.gr Félagsmönnum er frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðsluefni; upplýsingar er varða hina ýmsu þroskaþætti barna; eða annað.
- 5.gr Stjórn félagsins skal skipuð 5–8 mönnum sem kosnir eru á aðalfundi (foreldrum er velkomnið að gefa sig fram). Stjórnin skiptir með sér verkum. Að minnsta kosti skulu tveir stjórnarmeðlimir sitja áfram í nýrri stjórn.
- 6.gr Fulltrúi starfsfólks skal jafnan sitja stjórnarfundum. Öflug samskipti við fulltrúa starfsmanna eru með tölvusamskiptum.
- 7.gr Aðalfund félagsins skal halda á tímabilinu 15. september til 1. nóvember ár hvert. Fundinn skal boðaður með auglýsingu í skólanum og á heimasíðu skólans með a.m.k. 10 daga fyrirvara.
- 8.gr Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert. Þau skulu innheimt einu sinni á ári, í gegnum tölvupóst með upplýsingum um hvaða reikning er lagt inn á. Gjöldin eru óafturkræf.
- 9.gr Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, og þá með einföldum meirihluta atkvæða. Tillögur að lagabreytingum verða að hafa borist stjórn félagsins skriflega í síðasta lagi 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund.

Lokaorð

Ágætu foreldrar nú hefur starfssemi leikskólans verið kynnt í stórum dráttum og eflaust vakna margar spurningar við lesturinn. Við hvetjum ykkur foreldra til að ræða við okkur um óljós atriði og vera dugleg að spyrja. Þessa foreldrahandbók er gott að hafa á vísum stað þar sem hægt er að fletta upp í henni þegar spurningar vakna.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.

Starfsfólk Lundarsels.



Kríud. 595-8026



Kisud. 595-8027



Bangsad. 595-8028



Lundi 595-8029

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Bee, Helen. 1997. *The Developing Child eight edition*. Addison Wesley Educational Publishers Inc.

Gardner, Howard. 1991. *The Unschooled mind. – How children think & how schools should teach*. New York. BasicBooks.

Gegn einelti. 2000. Handbók fyrir skóla. Ritstjórar Sonia Sharp og Peter K. Smith. Þýðandi Ingibjörg Markúsdóttir. Æskan.

Goleman, Daníel. 2000. *Tilfinningagreind. Hvers vegna er tilfinningagreind mikilvægari en greindarvísitala?* Iðunn, Reykjavík.

Lipmann, Matthew. 1991. *Thinking in education*. New York, Cambridge Univer City Press.

Matthew, Gareth B. 1980. *Philosophy and the yong child*. London, Harvard University Press. Osló, Universitetsforlaget A.S.

Skólanámskrá Lundarsels. 2003. Er að finna á heimasíðu leikskólans www.lundarsel.akureyri.is

Skólastefna Akureyrarbæjar. 2006. Akureyri, Ásprent.